

1. fundur Fagráðs Minjasafns Austurlands haldinn á Teams 2. júní 2025 kl. 10:00

Mættir: Rannveig Þórhallsdóttir formaður, Áskell Heiðar Ásgeirsson og Skúli Björn Gunnarsson. Jafnframt Björg Björnsdóttir safnstjóri Minjasafns Austurlands.

Formaður setti fund kl. 10 og gengið var til dagskrár.

1. Hlutverk fagráðs

Farið var yfir hlutverk fagráðs eins og það er skilgreint í 7. gr. samþykktu fyrir Minjasafn Austurlands.

2. Starfsstefna Minjasafns Austurlands

Safnstjóri fór yfir starfsstefnu sem unnin var í vetur og samþykkt af stjórn Minjasafns Austurlands 19. febrúar 2025.

3. Skipulag

Í samþykktum er gert ráð fyrir tveimur til þremur fundum fagráðs á ári. Samþykkt að næsti fundur verði snertifundur mánudaginn 18. ágúst í Minjasafninu. Síðan verði haldinn fundur í október eða nóvember.

4. Framkvæmdir við Safnahús

Safnstjóri lýsti í grófum dráttum skipulagi innan stækkaðs Safnahúss. Hönnun og útboðsgögn liggja fyrir og fjármagn komið frá ríkinu. Beðið er eftir afgreiðslu byggingarnefndar áður en málið fer á næsta stig hjá sveitarfélaginu. Vonir standa til að sveitarfélagið bjóði verkið út í haust og framkvæmdir geti hafist fljótlega á nýju ári.

Flytja þarf alla gripi úr geymslum í Safnahúsinu vegna framkvæmdanna. Safnið hefur tryggt sér varðveisluhúsnæði á tveimur stöðum á Egilsstöðum. Safnstjóri gerði fagráði grein fyrir hversu stórt verkefni þessir flutningar væru sem krefjast bæði tíma og mannskapar. Búið er að undirbúa flutninginn vel og gert ráð fyrir að munir verði fluttir í bráðabirgða varðveisluhúsnæði í haust og flutningum lokið fyrir árslok. Reikna má með að munirnir verði í þessu bráðabirgðahúsnæði í allt að tvö ár eða þar til framkvæmdum við Safnahúsið lýkur.

Fagrád samþykkti eftirfarandi bókun vegna þessa dagskrárliðar:

Fagrád hvetur byggingarnefnd og sveitarstjórn til að koma stækkun Safnahússins sem fyrst í útboð. Minjasafnið er búið að leggja í kostnað og vinnu til að tryggja að gripir safnsins verði komnir í varðveisluhúsnæði fyrir árslok og því brýnt að framkvæmdir fari af stað hið fyrsta á nýju ári.

5. Verkefni

Safnstjóri fór yfir helstu verkefni sín síðustu mánuði og það sem er framundan. Unnið hefur verið að því að koma rekstri safnsins inn til Múlaþings eftir skipulagsbreytingar og undirbúa flutninga muna í nýtt varðveisluhúsnæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Ferðamannasumarið er hafið og búið að gera hljóðleiðsögn á sex tungumálum fyrir grunnsýningar safnins. Ýmsar nýjungar eru á döfenni til að koma safninu betur á framfæri og laða að gesti í sumar, bæði styttri sýningar og viðburðir.

Í vetur þarf að fara að huga að endurnýjun grunnsýninga safnsins sem eru komnar til ára sinna. Gert er ráð fyrir að sækja um styrk til Safnaráðs í haust til að hefja undirbúning hönnunar nýrra grunnsýninga.

6. Önnur mál

a. Sarpur

Safnstjóri hefur tekið sæti í rekstrarfélagi Sarps.

b. Styrkir

Minjasafnið hefur fengið 1,5 m.kr. styrk úr Sjóði Jóhannesar Nordals hjá Seðlabankanum til forvörslu á skissum Jóhannesar Kjarval en þær eru á leið á sýningu í Listasafni Akureyrar í haust.

Alcoa hefur veitt safninu styrk í verkefnið *Leiðsögn á einfaldaðri íslensku*. Í mótun er samstarf við Austurbrú um útvíkkun þess verkefnis.

Í sumar verður Minjasafnið í samstarfi við þrjú fyrirtæki um vikulegar auglýsingar í Dagskránni til að vekja athygli á safninu og starfsemi þess. Auglýsingarnar verða einnig nýttar á samfélagsmiðlum og á vefsíðu safnsins.

c. Kjarvalshvammur

Ný skilti eru tilbúin til að uppsetningar í Kjarvalshvammum. Áhaldahúsið sveitarfélagsins á Egilsstöðum mun sjá um að setja þau upp í júní.

d. Samstarf við Austurbrú

Þjóðfræðingur Minjasafnsins hefur tekið að sér djúpvíðtöl í alþjóðlegu samstarfsverkefni sem Austurbrú stendur fyrir og heitir Sjávarföll. Fær safnið greitt fyrir það verkefni.

e. Námskeið

Minjasafnið stóð fyrir námskeiði um björgun safngripa með sérfræðingum frá höfuðsöfnunum sem leiðbeinendum. Þátttakendur komu frá nokkrum söfnum og setrum á Austurlandi og heppnaðist það vel. Námskeiðið nýttist inn í undirbúning að gerð viðbragðsáætlunar fyrir safnið sem er skylt að hafa á viðurkenndum söfnum.

Í lok fundar hrósaði fagráð safnstjóra fyrir öflugt starf síðustu mánuðina og skýra sýn á starfsemi safnsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:40.

Rannveig Þórhallsdóttir

Skúli Björn Gunnarsson ritaði fundargerð

Áskell Heiðar Ásgeirsson